

Sjálfsmatsskýrsla 2018 – 2019

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu	3
1.2	Almenn stefna og markmið	3
1.3	Starfsfólk.....	4
2	Innra mat skólans	4
2.1	Matsfundir með nýnemum	5
2.2	Matsfundir, mat á kennslu vor 2019	5
2.3	Kennslukönnun, mat á kennslu haust 2018	6
2.4	Viðhorfskönnun	11
2.5	Brotthvarf	14
2.5.1	Úrsagnir úr námi.....	15
2.5.2	Brotthvarfsstyrkur	15
2.6	Ungt fólk 2018 (Rannsóknir og greining).....	16
2.7	Húsfundur.....	16
2.8	GDPR.....	17
2.9	Könnun meðal útskrifaðra nemenda.....	17
2.10	Sálfræðipjónusta	17
3	Tölulegar upplýsingar	18
4	Aðgerðir til úrbóta	20

1 Inngangur

1.1 Einkenni stofnunar og staða í samfélaginu

Skólinn er áfangaskóli og býður nám til stúdentsprófs og annarra lokaprófa skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Einkenni skólastarfsins eru fjölbreyttar, verkefnaamiðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat. Áhersla er á að bjóða nemendum metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins og stuðlað er að öflugu félagslífi nemenda. Skólinn kennir sig auk þess við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Þar er átt jafnt við auðlindir í náttúrunni sem og mannauð með áherslu á lýðheilsu og menningarlegar auðlindir og endurspeglar skólastarfið þær áherslur. Enn fremur er umhverfi skólans mikilvægur þáttur í skólastarfinu þar sem hugað er m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir því og hvernig njóta má þess og nýta á skynsamlegan hátt.

1.2 Almenn stefna og markmið

Stefna skólans gerir ráð fyrir að kennsluhættir einkennist af því að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Til að ná þessu fram eru notaðar fjölbreyttar verkefnaamiðaðar kennsluaðferðir þar sem hugmyndafræðin gengur út á að nemandinn tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem hann vinnur og umræður sem hann tekur þátt í. Námsmat byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat sem m.a. fela í sér að engin lokapróf eru haldin við skólann.

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Það gerir skólinn m.a. með því að efla siðferðis- og sjálfsvitund nemenda, samfélagslega ábyrgð þeirra, efla færni nemenda í íslensku máli, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð þeirra, kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta, búa þá undir störf og frekara nám.

Stefna skólans og markmið styðja við þann einhug sem ríkir meðal starfsfólks sem hefur einsett sér að skapa hvetjandi námsumhverfi sem einkennist af jákvæðu viðhorfi og gagnkvæmri virðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að vera í góðum tengslum við umhverfið, bæði hvað varðar listir og menningu, íþróttir og lýðheilsu og annað það sem einkennir mannlíf í Mosfellsbæ.

1.3 Starfsfólk

Á skólaárinu 2018-2019 voru starfsmenn 39 í 35 stöðugildum. Mikill meirihluti starfsmanna er með masterspróf í sinni grein eða um 85% og allir kennarar eru með kennsluréttindi.

Starfsfólk	H2017	V2018	H2018	V2019
Stjórnendur	2	2	2	2
Starfsfólk skrifstofu og annarrar stoðþjónustu	6	6	7	6
Kennarar	27	27	29	29
Stuðningsfulltrúar	2	2	2	2
Alls:	37	37	40	39

Tafla 1 fjöldi starfsfólks

2 Innra mat skólans

Sjálfsmatskerfi FMOS byggir á lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008)

<http://www.fmos.is/skolinn/sjalfsmat/sjalfsmatskerfi-fmos/> og er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Í sjálfsmatshópi FMOS eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi og þrír kennarar sem kosnir eru á kennarafundi til tveggja ára í senn. Hópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku og ber hópurinn ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun sé gerð og henni fylgt eftir. Sjálfsmatsáætlun árána 2016-2019 má sjá á vef skólans <http://www.fmos.is/sjalfsmat/sjalfsmatsaaetlun/>

2.1 Matsfundir með nýnemum

Á haustönn 2018 (3.- 17.10.2018) fóru stjórnendur á matsfundi með nýnemum fæddum árið 2002 (56 nemendur). Spurt var um líðan þeirra í skólanum og af þeim 50 sem svöruðu sögðu 43 að þeim liði vel, 6 sæmilega og 1 sagði að sér liði illa. Þegar spurt var um upplýsingar sem nemendur fengu í upphafi haustannar kom m.a. fram að það er ekki nóg að útskýra hvernig Inna virkar bara á kynningarfundinum. Nemendur voru einnig sammála um að það þyrfti að fara betur yfir það hvar hver stofa er. Einn nemandi kom með þá hugmynd að setja yfirlitsmynd af skólanum inn á Innu í upphafi annar. Í lok fundarins var nemendum boðið að tala um annað sem þeim lægi á hjarta og þá kom félagslíf skólans til tals. Nemendur voru ánægðir með nýnemaballið og sögðust vilja fleiri svona sameiginleg böll. Mötuneytið var líka til umræðu og nemendum finnst dýrt að kaupa mat þar og maturinn ekki nógu góður. Einnig var rætt um hestakjörsviðið, nokkrir nemendur nefndu að þeir myndu vilja hafa fleiri áfagna í boði og töldu líka að brautin væri dýrari en aðrar hestabrautir.

2.2 Matsfundir, mat á kennslu vor 2019

Matsfundir voru haldnir á vorönn 2019 hjá um það bil þriðjungi kennara, í tæplega 30 hópum. Matið var í formi funda þar sem stjórnendur hittu nemendahópa og gáfu þeim tækifæri til að tjá sig um jákvæðar hliðar kennslunnar og kallað var eftir hugmyndum um umbætur. Niðurstöður voru skráðar og hver kennari fékk niðurstöðurnar afhentar og þær ræddar á fundi með stjórnendum í lok annar.

Matsfundirnir gefa ítarlegar upplýsingar um skólastarfið og þar sem matið fer fram í samræðuformi eru stjórnendur í nánari tengslum við nemendur. Reynslan af þessari aðferð samanborið við spurningarlista er að skoðanir nemenda á skólastarfinu verða skýrari og auðveldara er að bregðast við því sem þeir benda á. Þær ábendingar sem komu fram voru ræddar einslega við hvern kennara fyrir sig og leiðir til úrbóta ákveðnar í sameiningu.

Í lok hvers fundar fá nemendur tækifæri til að koma með hugmyndir og ábendingar um annað sem þeim finnst skipta máli í skólastarfinu. Mest var rætt um bílastæðamál og um mötuneytið. Nemendum finnst bílastæðin við skólann of fá og óska einnig eftir að eftirlitsmyndavélar verði settar á bílastæðið. Mikil almenn óánægja er með mötuneyti

skólans, bæði verð og gæði. Nokkuð var um að nemendur kvörtuðu undan því að samræmi á milli áfanga í sömu grein og á milli mismunandi hópa innan áfanga væri ekki nógu mikið.

Félagslífið var einnig til umræðu og meðal annars rætt um að hafa oftari einhverjar uppákomur í skólanum t.d. í hádeginu. Annars voru nemendur almennt ánægðir með skólann sem að þeirra sögn tekur tillit til allra og kennararnir eru frábærir.

2.3 Kennslukönnun, mat á kennslu haust 2018


Á haustönn 2018 var lögð fyrir kennslukönnun á rafrænu formi hjá 8 kennurum í 27 hópum. Gerðar voru smávægilegar breytingar frá síðustu könnun, tvær spurningar teknar út og bætt við möguleika að koma með athugasemdir. Svarhlutfallið í könnuninni var 63%. Þegar kennslu annarinnar var lokið funduðu stjórnendur með hverjum kennara fyrir sig og skoðuðu niðurstöður könnunarinnar.

Eftirfarandi spurningar voru í könnuninni og var svarað á skalanum 1-5 þar sem 1 er lágsta gildið og 5 það hæsta.


1. Mér líður vel í áfanganum
2. Ég er sátt/sáttur við framkomu kennarans
3. Kennarinn skilar verkefnum/prófum fljótt til baka
4. Kennarinn er stundvís
5. Skipulagið er gott hjá kennaranum
6. Kennarinn er hvetjandi
7. Kennarinn kveikir áhuga minn á námsefninu
8. Það er góður vinnaandi í áfanganum
9. Kennsluaðferðirnar eru fjölbreyttar
10. Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel
11. Kennarinn útskýrir vel
12. Kennarinn fylgir kennsluáætlun og lætur mig vita ef breytingar verða
13. Er eitthvað fleira sem þú vilt bæta við

Hér fyrir aftan má sjá niðurstöður úr kennslumatinu þegar allir 27 hópar eru teknir saman.


Mynd 1 Líðan í áfanganum




Mynd 2 Verkefnaskil




Mynd 3 Stundvís




Mynd 4 skipulag




Mynd 5 hvatning frá kennara




Mynd 6 áhugi á námsefninu




Mynd 7 vinnuandi




Mynd 8 kennsluaðferðir




Mynd 9 hrós frá kennara




Mynd 10 útskýringar kennara



Mynd 11 kennsluáætlun



Mynd 12 framkoma kennarans




2.4 Viðhorfskönnun


Á haustönn 2018 var gerð viðhorfskönnun meðal nemenda og var svarhlutfallið 53%. Spurt var um líðan, kennsluaðferðir, námsmat, vinnuálag, viðhorf til skólans o.fl. Könnunin var blanda af opnum og lokuðum spurningum og var hluti spurninganna þær sömu og í fyrri könnunum og aðrar nýjar. Breytingar voru gerðar á svarmöguleikunum og nú voru nemendur beðnir að svara á skalnum 1-5 þar sem 1 er lægsta gildið og 5 það hæsta. Myndir með niðurstöðum frá síðustu önnum eru með til samanburðar þar sem það á við. Á myndum 12-14 má sjá niðurstöður úr lokuðu spurningunum og í töflu 2 má sjá samantekt á opnu spurningunum. Í lok könnunarinnar var nemendum boðið að nefna annað sem þeir vildu koma á framfæri og þar kom m.a. fram óánægja með mötuneyti skólans og nokkrir nemendur nefna vandræði vegna skorts á bílastæðum.

Hvernig líður þér í skólanum?

Mynd 13 Líðan nemenda




Mynd 14 líðan nemenda




Vinnuálagið í skólanum er..

Mynd 15 vinnuálag




Mynd 16 vinnuálag




Ég er ánægð/ur með að vera í FMOS

Mynd 17 ánægja með að vera í FMOS



Mynd 18 ánægja með að vera í FMOS



Spurningar	Svör
Hvernig myndir þú lýsa kennsluaðferðum FMOS?	Hér voru svörin fjölbreytt og margir sem lýsa vel verkefnaíðuðum aðferðum á meðan aðrir segja einfaldlega, „góðar“, „þægilegar“, „fjölbreyttar“ o.fl.
Hvernig nýtir þú umsagnir sem þú færð fyrir verkefni?	Flestir nemendur segjast nýta umsagnirnar til að gera betur í næsta verkefni en rúmlega 20% þeirra sem svöruðu þessari spurningu segjast ekki skoða umsagnir eða ekki nýta sér þær.

Tafla 2 opnar spurningar

2.5 Brotthvarf

Eitt af aðalmarkmiðum skólans er að minnka brotthvarf og það lækki á milli ára. Eins og fram kom í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2016-2017 var aðferðinni við að reikna út brotthvarf breytt og upplýsingar um brotthvarf sem birtast hér fyrir aftan eru skráningar um úrsagnir úr námi úr Innu.

2.5.1 Úrsagnir úr námi

Undanfarin ár hefur farið fram formleg skráning á ástæðum brotthvarfs nemenda úr skólanum. Niðurstöður úr þeirri skráningu má sjá í töflu 4.

Ástæður brotthvarfs		Haust 2018		Vor 2019
	Alls	Hlutfall af heild	Alls	Hlutfall af heild
Fór að vinna	3	11%	2	8%
Flutningar				
Fjárhagsaðstæður	2	8%		
Námsörðugleikar				
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	2	8%	1	4%
Nám of erfitt	1	3%		
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla				
Einelti				
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	15	56,%	19	67%
Veikindi barna				
Fór í annan skóla				
Líkamleg veikindi			1	4%
Persónulegar ástæður			1	4%
Neysla/meðferð				
Andleg veikindi	3	11%	4	13%
Annað	1	3%		
Samtals	27	100%	28	100%

Tafla 4 ástæður brotthvarfs

2.5.2 Brotthvarfsstyrkur

Árið 2018 fékk skólinn styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, til aðgerða gegn brotthvarfi. Styrknum er ætlað að styðja við nýjar hugmyndir í aðgerðum gegn brotthvarfi.

Áfram var unnið að því að þróa úrræði fyrir nemendur sem koma með slakan undirbúning úr grunnskóla. Þessir nemendur eru gjarnan annað hvort með D í einkunn úr grunnskóla í 2-3 kjarnagreinum eða með stjörnumerktar einkunnir og hafa þá ekki lokið námsefni grunnskólans að fullu. Haustið 2018 hófu 16 nemendur nám á nýrri 2 ára braut sem nefnd var Framhaldsskólabrú. Náminu er ætlað að leggja grunn að áframhaldandi námi nemenda eða veru þeirra á vinnumarkaði. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd þeirra og veita þeim yfirsýn yfir lífsins verkefni og möguleika. Hverri önn er skipt upp í þemu sem hvert um sig tekur 2-4 vikur. Rík áhersla er lögð á einstaklingsmiðað leiðsagnarnám. Námið býður upp á að nemendur geti farið af brautinni og yfir í hefðbundið framhaldsskólanám á ákveðnum tímapunktum eða verið í vinnustaðanámi að hluta til. Lítið brotthvarf var í hópnum, tveir nemendur færðu sig yfir í almennt bóknám um áramót og einn nemandi hætti.

2.6 Ungt fólk 2018 (Rannsóknir og greining)

Í október 2018 var lögð fyrir könnunin Ungt fólk á vegum Rannsóknar og greiningar. Niðurstöður sýndu að daglegar reykingar hafa minnkað frá síðustu könnun en eru samt enn þá yfir landsmeðaltali. Notkun rafsígarettna hefur aukist umtalsvert frá síðustu könnun og nemendur í FMOS eru yfir landsmeðaltali. Ölvun síðustu 30 daga hefur minnkað frá síðustu könnun og nemendur í FMOS mælast undir meðallagi miðað við aðra framhaldsskóla á landinu. Neysla á maríjúna hefur einnig minnkað nema í hópi stelpna yngri en 18 ára en þar mælist FMOS töluvert yfir meðaltali landsins í heild. Þeim nemendum sem segja að þeim líði illa í skólanum hefur fækkað frá síðustu könnun en 12% segja að þeim líði illa í skólanum og er það hærra en meðaltal landsins í heild.

2.7 Húsfundur

Í apríl 2019 var haldinn húsfundur í skólanum þar sem allir nemendur og starfsmenn voru boðaðir. Aðalefni fundarins var fyrirhuguð afmælishátíð skólans og þátttaka nemenda í henni. Önnur mál sem rædd voru á fundinum sneru að umgengni, umhverfismálum og félagslífi í skólanum.

2.8 GDPR

Vinna sjálfsmatshóps við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar (GDPR) hélt áfram á skólaárinu 2018-2019 og hefur nú verið lokið við gerð persónuverndarstefnu en vinna við að skrá niður verkferla er enn þá í gangi.

2.9. Könnun meðal útskrifaðra nemenda

Á vorönn 2019 var gerð könnun á meðal allra útskrifaðra nemenda skólans. Haft var samband við 317 nemendur og svör bárust frá 210. Rúmlega helmingur nemenda hafði farið eða var í áframhaldandi námi og tæplega helmingur hafði farið að vinna eða gera annað. Stærstur hluti nemenda hafði farið í Háskóla Íslands og Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri komu þar á eftir. Námið sem útskrifaðir nemendur úr FMOS stunda er mjög fjölbreytt en fjölmennustu greinarnar voru sálfræði, lögreglufræði og viðskiptafræði. Nemendur voru almennt mjög ánægðir með þann undirbúning sem þeir höfðu fengið í FMOS og það sem nemendur nefndu oftast var að góður undirbúningur í verkefnavinnu og að kunna að vinna jafnt og þétt alla önnina.

2.10 Sálfræðiþjónusta

Á Húsfundi vorið 2018 kom fram skýr ósk frá nemendum um að ráða sálfræðing við skólann. Haustið 2018 hóf sálfræðingur störf við skólann í 50% starfshlutfalli. Á þessu fyrsta starfsári sálfræðiþjónustunnar hafa rúmlega 12% nemenda skólans nýtt sér annað hvort einstaklingsviðtöl eða námskeið. 80% þeirra sem nýttu sér sálfræðiþjónustuna voru stúlkur. Þjónustan verður þróuð áfram á næsta skólaári.

3 Tölulegar upplýsingar

Kyn	H2017	V2018	H2018	V2019
KK	172	165	181	157
KVK	174	149	174	159

Tafla 5 skipting nemenda eftir kyni

Fæðingarár	H2017	V2018	H2018	V2019
1977-1980	0	0	1	1
1981-1990	1	3	3	2
1991	0	1	1	3
1992	1	1	0	0
1993	5	6	5	2
1994	9	12	11	7
1995	12	6	8	9
1996	17	16	15	10
1997	39	29	25	17
1998	64	41	30	29
1999	74	71	58	51
2000	64	68	71	67
2001	60	60	67	61
2002			60	57
Alls:	346	314	355	316

Tafla 6 skipting nemenda eftir fæðingarári

Heiti brautar	H2017	V2018	H2018	V2019
Almenn námsbraut	70	65	31	10
Félags- og hugvísindabraut	57	48	53	46

Hestabraut	15	11	8	4
Listabraut	14	11	7	5
Íþróttá- og lýðheilsabraut	16	10	6	3
Náttúruvísindabraut	33	32	35	35
Opin stúdentsbraut	125	122	77	56
Sérnámsbraut	16	15	18	16
Framhaldsskólabrú			16	13
Framhaldsskólabraut				3
Opin stúdentsbraut, almennt kjörsvið			57	69
Opin stúdentsbraut, handboltakjörsvið			2	3
Opin stúdentsbraut, hestakjörsvið			15	14
Opin stúdentsbraut, Íþróttá- og lýðheilsukjörsvið			22	24
Opin stúdentsbraut, listakjörsvið			8	15
Alls	346	314	355	316

Tafla 7 skipting nemenda eftir brautum

Póstnúmer	H2017	V2018	H2018	V2019
101-109	23	27	32	31
110-113	103	91	107	88
116/162	16	10	20	20
270-276	168	145	160	145
300	10	9	9	8
Annað	26	32	27	24

Samtals	346	314	355	316
----------------	------------	------------	------------	------------

Tafla 8 skipting nemenda eftir búsetu/póstnúmerum

Brautskráningar	H2017	V2018	H2018	V2019
	36	40	26	36

Tafla 9 brautskráningar

4 Aðgerðir til úrbóta

- **Matsfundir með nýnemum**

Það hefur komið vel út að halda matsfundi með nýnemum að hausti og fá t.d. þannig upplýsingar um hvort eitthvað megi betur fara á kynningarfundum með nýnemum í upphafi haustanna.

Markmið: Setja yfirlitsmynd af skólanum inn á Innu. Leggja meiri áherslu á kennslu í notkun Innu og að rata um skólann.

Ábyrgðamenn: Stjórnendur

- **Matsfundir, mat á kennslu haust 2018**

Á skólaárinu 2018-2019 var prófað að nota blandaða aðferð við mat á kennslu. Á haustönn var rafræn könnun í Innu og stjórnendur héldu matsfundi á vorönn.

Markmið: Halda áfram að nota blandaða leið við að leggja mat á kennslu.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur.

- **Kennslukönnun, mat á kennslu haust 2018**

Þátttaka í kennslukönnun í Innu var rúmlega 60%. og kennarar sem tóku þátt í matinu voru ánægðir með fyrirkomulagið.

Markmið: Leggja kennslukönnun aftur fyrir í sama formi og meta síðan kosti og galla þessa tveggja leiða sem farnar hafa verið.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur

- **Viðhorfskönnun**

Svarhlutfallið í könnuninni heldur áfram að lækka á milli ára þrátt fyrir að sjálfsmatshópur hafi farið í ýmsar aðgerðir til að reyna að bæta þátttöku. Niðurstöður úr könnunni voru almennt góðar en þó sýna þessar niðurstöður og niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2018 að of mörgum nemendum líður ekki nógu vel.

Markmið: Halda áfram að finna leiðir til að auka svarhlutfallið. Leita leiða til að auka vellíðan nemenda.

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

- **Brotthvarf**

Síðustu annir hefur brotthvarfið verið á bilinu 11,3-12,3% og virðist fara heldur lækkandi.

Markmið: Halda áfram að leita leiða til að minnka brotthvarf enn frekar.

Ábyrgðarmenn: Stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar.

- **Ungt fólk 2018**

Niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2018 komu ekki vel út varðandi líðan í skóla, 12% segja að þeim líði illa í skólanum sem er töluvert hærra hlutfall en það sem mælist í okkar viðhorfskönnun.

Markmið: Finna leiðir til að styðja betur við þennan hóp nemenda

Ábyrgðamenn: Stjórnendur og náms- og starfsráðgjafi

- **Húsfundur**

Nokkuð góð þátttaka var í Húsfundinum. Nemendur kalla eftir öflugra félagslífi og fram komu nokkrar hugmyndir að því hvað mætti gera til að bæta starfið.

Markmið: Virkja nemendur í undirbúningi húsfundar og halda áfram að styðja við starf nemendafélags FMOS

Ábyrgðarmenn: Sjálfsmatshópur og stjórnendur.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari

Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari

Inga Þóra Ingadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Kolbrún Ósk Jónsdóttir, kennari á sérnámsbraut og í félagsfræði

Sigrún Theódóra Steinþórsdóttir, listgreinakennari

Valgarð Már Jakobsson, stærðfræðikennari